

Ársskýrsla Drafnarhúss 2017

Drafnarhús er sérhæfð dagþjálfun fyrir einstaklinga með heilabilun og er staðsett við Strandgötu 75 í Hafnarfirði. Rekstraraðili er Alzheimer samtökin og Hafnarfjarðarbær útvegjar húsnæði undir starfseminum. Leyfi er fyrir 22 einstaklinga daglega.

Það voru óvenju fáar útskriftir og innskriftir á árinu miðað við fyrri ár og varð því biðlistinn óvenju langur og biðtíminn eftir að komast að var um eitt ár. Í lok árs voru 57 einstaklingar að bíða eftir að komast að í Drafnarhúsi og er það rúmlega fjórðungur þeirra sem biðu eftir að komast að í sérhæfða dagþjálfun fyrir einstaklinga með heilabilun á höfuðborgarsvæðinu.

Meðalbiðtími eftir hjúkrunarrými hefur lengst milli ára, rúmlega fjórir mánuðir. Sá sem beið lengst beið í eitt ár en sá sem beið styst var einn mánuður. Í árslok voru sex einstaklingar með gilt færni og heilsumat. Á árinu fóru hlutfallslega fleiri í hvíldarinnlögn heldur en fyrri ár eða tuttugu af fjörtíu, en aftur á móti fóru færri á sjúkrahús.

Sjá nánar tölulegar upplýsingar milli ára hér aftast.

Starfsemin

Þjálfunin miðar að því að viðhalda líkamlegri, vitrænni og félagslegri færni skjólstæðinga og tekið er mið af ástandi hvers og eins hverju sinni. Boðið er upp á mat á heilsufari, þjálfun, virkni, aðstoð við athafnir daglegs lífs, félagslegan stuðning, fræðslu og ráðgjöf til aðstandenda.

Aðstoð við ADL miðast við að viðhalda getu og virkni skjólstæðings eins og kostur er með hans eigin þátttöku. Einstaklingar geta sótt þjónustuna alla virka daga eða tiltekna daga í viku hverri. Starfsdagar eru þriðja hvern miðvikudag í mánuði eftir hádegis. Þá gefst starfsfólki tími til að skipuleggja starfseminum og fara yfir ýmis mál sem greiða þarf úr. Einnig hefur starfsfólk sótt námskeið á þessum dögum.

Starfsmenn

Í lok árs 2017 störfuðu sjö starfsmenn í Drafnarhúsi í 6,4 stöðugildum. Starfsstéttir eru hjúkrunarfræðingur sem er forstöðumaður, þrjú sjúkraliðar, félagsfræðingur og tveir ófaglærðir starfsmenn. Tveir starfsmenn voru í fæðingarorlofi á árinu. Annar kom aftur til

starfa í maí og fór svo aftur í fæðingarorlof þremur mánuðum seinna, en hinn koma aftur til starfa um haustið.

Á vordögum fóru starfsmenn til Hollands og heimsóttu Hogeweyk hjúkrunarheimili sem staðsett er í Weesp. Það er sérstaklega hannað fyrir einstaklinga með heilabilun, umhverfið er verndað og þeir geta gengið frjálssir um svæðið. Íbúarnir eru 152 og hvert sambýli er fyrir átta manns. Sjá nánar <https://hogeweyk.dementiavillage.com/en/>
<https://www.detail-online.com/article/dementia-village-de-hogeweyk-in-weesp-16433/>
<https://www.youtube.com/watch?v=LwiOBlyWpko&feature=youtu.be>

Aðkeypt þjónusta og sjálfboðaliðar

Guðlaug Þórsdóttir og Jón Snædal öldrunarlæknar frá Landakoti sinntu lækniþjónustu og komu vikulega í hús. Hægt er að hafa samband við lækni þess á milli ef þörf krefur.

Skjólstæðingum stendur til boða flutningur milli heimilis og dagþjálfunar við upphaf og lok dvalar dag hvern. Akstursþjónusta Þórunnar Tómasdóttur hefur séð um aksturinn frá upphafi. Kristín Jónsdóttir fótaaðgerðafæðingur kemur reglulega í húsið og sinnir þeim sem þurfa að fá fótsnyrtingu. Sólar ræstingarfyrtæki sér um þrífingaráttir þrjá daga í viku. Hádegismatur kemur frá Matborðinu. Sumir skjólstæðingar fengu sjúkráþjálfun sem er staðsett í sama húsi og Drafnarhús.

Magnea Tómasdóttir söngkona sem hefur sérhæft sig í tónlistariðkun með fólki með heilabilun. Hún kom til okkar vikulega á vordögum ásamt Pálmari Ólasyni píanóleikara, samtals í ellefu skipti. Einnig komu þau annan hvern mánuð frá hausti fram að jólum.

Við fengum marga gesti til okkar á árinu eins og fyrri ár. Einnig hafa nemandi komið til okkar og fengið kynningu á starfseminni. Ýmsir sjálfboðaliðar hafa glatt okkur með upplestri, söng, dansi og fleira.

Stuðningur við fjölskyldu

Aðstandendur ráða alltaf ferðinni þegar kemur að því að sækja um varanlega vistun á hjúkrunarheimili og er þeim veittur stuðningur og aðstoð við umsóknarferlið. Skjólstæðingur er aldrei útskrifaður vegna hjúkrunarþyngdar. Fjölskyldufundir eru haldnir með aðstandendum þegar þörf er á og er það vettvangur fyrir miðlun upplýsinga varðandi skjólstæðinga.

Opið hús fyrir aðstandendur með fræðslu og skemmtun var haldið á haustmisseri og var það vel sótt. Mökum var boðið að vera með á þorrablóti og í jólamat, einnig var þeim boðið að koma með í vorferð og í haustferð. Þátttaka maka er ávallt góð.

Húsnæði

Það kom upp vatnstjón í byrjun árs með þeim afleiðingum að skipta þurfti um gólfefni í eldhúsi. Það má segja að það hafi verið lán í óláni því parketið í eldhúsinu var orðið illa farið. Framkvæmdir stóður yfir í tæpan mánuð, en þær höfðu ekki áhrif á starfsemina.

Lokaorð

Starfsemin í Drafnarhúsi hefur gengið vel þetta árið eins og fyrri ár og hafa skjólstæðingar og aðstandendur verið sáttir við þjónustuna. Mikil gleði ríkir í okkar daglega starfi og stefnum við að því að halda áfram á sömu braut. Starfsmennirnir eru samheldinn og metnarfullur hópur og markmið okkar er að viðhalda sjálfstæði einstaklinga eins lengi og kostur er með því að styrkja líkamlega og vitsmunalega hæfni þeirra og stuðla þannig að lengri búsetu heima.

Hafnarfjörður 28. febrúar 2017

Erla Einarsdóttir hjúkrunarfræðingur

forstöðumaður Drafnarhúss

Tölulegar upplýsingar milli ára

Árið	2017	2016	2015	2014
Fjöldi skjólstæðinga	40	48	48	43
Innskriftir	13	23	22	18
Útskriftir	14	21	23	17
Meðalbiðtími eftir innskrift	12 mán	13,4 mán	1,6 mán	5,7 mán
Innskrift frá LSH	2	4		
Meðaldvalartími útskrifaðra	21 mán	14,2 mán	12 mán	14,2 mán
mest	107 mán	mán	32,7 mán	48 mán
minnst	2,8 mán	mán	1,3 mán	1,5 mán
Meðalaldur	78 ár	78 ár	79,8	79,3
aldursbil	55-93	55-92	59-94	58-93
Konur	24	33	30	23
Karlar	16	15	18	20
Búa með maka/börnum	23/40 (4/40)	30/48 (4/48)	27/28 (4/48)	28/43
Búa einir	13/40	14/48	17/48	15/43
Fá heimaþjónustu (hjúkrun og/eða félagslega þjónustu)	17/40	18/48	23/48	24/43
Aðstoð við böðun í Drafnarhúsi	20/40	29/48	29/48	31/43
Aðstoð við lyfjagjafir í D.húsi	10/40	20/48	18/48	18/43
Fóru í hvíldarinnlögn	20 í 26 innlögnum	19 í 21 innlögnum	15 í 17 innlögnum	19 í 24 innlögnum
Samtals mán í hvíldarinnlögn	14,4 mán	15,5 mán	12 mán	18,5 mán
Notfæra sér akstursþjónustu	26/40	32/48	39/48	40/43
Fengu Færni- og heilsumat	10/40	19/48	18/48	15/43
Meðalbiðtími eftir hjúkrunarrými	4,1 mán	2,1 mán	1,9 mán	28 dagar
Sjúkrahúsinnlagnir	9 innlagnir (8 skjólst.)	22 innlagnir (15 skjólst.)	22 innlagnir (19 skjólst.)	14 innlagnir (11 skjólst.)
Samtals	7,5 mán	17,5 mán	9,7 mán	14,6 mán
Útskrift á spítala - biðpláss	3	8	9	3
Andlát (heima eða á spítala)	0	1	3	0